

**SNÆFELLSNESVEGUR (54) UM FRÓÐÁRHEIÐI, SNÆFELLSNESBÆ.
Uppbygging á vegi frá Egilsskarði að sæluhúsi.
Ákvörðun um matsskyldu.**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði frá Egilsskarði að sæluhúsi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. mars 2008.

INNGANGUR

Þann 3. janúar 2008 tilkynnti Línuhönnun fyrir hönd Vegagerðarinnar uppbyggingu Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði, frá Egilsskarði að sæluhúsi, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna, en svæði 223 á Náttúruminjaskrá liggur að veginum.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 18. janúar 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. janúar 2008, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 23. janúar 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. janúar 2008. Frekari upplýsingar bárust frá ráðgjafa Vegagerðarinnar með tölvupósti 24. janúar 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhugað framkvæmd. Fram kemur að um sé að ræða uppbyggingu Snæfellsnesvegur yfir Fróðárheiði sem áætlað sé að ljúki á næstu þremur árum. Í fyrirhuguðum áfanga standi til að ljúka við uppbyggingu 4,5 km leiðar á veginum frá Egilsskarði norður fyrir sæluhús í Miðfellsdal. Að mestu leyti sé um að ræða endurbyggingu vegarins í eldra vegstæði. Á nokkrum stöðum sé vikið 20 – 60 m út frá veginum og mest rúmlega 100 m á tveimur stöðum í þeirri viðleitni að taka af hættulegar beygjur. Bein áhrif framkvæmdarinnar verði þar sem fyllingar og vegir munu þekja meira land en núverandi vegur. Þá kemur fram að efni sem fáiast úr skeringum og núverandi vegi, um 200.000 m³, muni duga sem fyllingar- og burðarlagsefni. Aftur á móti þurfi um 10.000 m³ af efni í efra burðarlag og klæðningu, sem fyrirhugað sé að fá úr námu sem tengist eldri skeringu á sunnanverðri heiðinni. Náman yrði um 9.000 m² og vinnsludýpt allt að 7 m sem gefi góða möguleika á að fella megi vinnsluna að landi og loka efnistöku á ásættanlegan hátt að lokinni framkvæmd. Greint er frá því að markmið framkvæmdarinnar sé m.a. að taka af varhugaverðar beygjur og draga úr snjósöfnun á veginum og því verði töluvert um skeringar og fyllingar við uppbyggingu vegarins. Fram kemur að framkvæmdaraðili meti heildaráhrif framkvæmdarinnar mjög jákvæð.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að vegurinn liggji um heiðarlönd sem nýtt séu til beitar og tilheyri jörðum beggja vegna Snæfellsnes, en fátítt sé að fé sé við veginn. Svæði 223 á Náttúruminjaskrá afmarkast af veginum og er því svæði lýst m.a. að það búi yfir fjölbreyttu landslagi, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls, þar séu eldstöðvar og hraun frá nútíma og um sé að ræða fjölsótt útivistarsvæði.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að fyrirhugaður vegur liggji að stórum hluta innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar og eldri vega. Áhrif á gróður verði nokkur þar sem farið verði út fyrir núverandi vegstæði. Þursaskeggsmóar og melagróður séu mest áberandi og í dalbotninum séu grónir bakkar Fróðár. Um sé að ræða algengan gróður og ekki séu þekktir fundastaðir sjaldgæfra plantna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Tryggt verði að bakkar Fróðár verði ekki fyrir áhrifum framkvæmda. Í skeringar sé gert ráð fyrir að dreifa áburði til að örva grenndargróður, en ekki sé gert ráð fyrir sáningu grasfræs. Áhrif á fuglalíf verði hverfandi þar sem vegur hafi legið um svæðið um áratuga skeið. Þá er greint frá að með framkvæmdinni verði ekki raskað jarðmyndunum sem hafa sérstöðu, hvorki á héraðs- né landsvísu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015 sé gert ráð fyrir að lokið verði við uppbyggingu Snæfellsnesvegar um Fróðárheiði. Vegna efnis sem þurfi í framkvæmdina verði nauðsynlegt að opna námu á sunnanverðri heiðinni sem ekki er í samræmi við aðalskipulagið, sem þar því að breyta og vinni Snæfellsbær að undirbúningi þeirrar breytingar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Snæfellsnesbæjar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram það álit að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að ekki sé líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að teknu tilliti til athugasemda hennar. Fornleifavernd ríkisins óskar eftir að kannað verði hvort fornleifar séu á eða við fyrirhugað vegstæði og að því gefnu telur stofnunin að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistakan sem mun verða úr nánast samfelldum skeringum meðfram veginum, komi til með að valda töluverðum sjónrænum áhrifum. Draga megi úr þeim áhrifum ef þess verði gætt að fella skeringarnar að óröskuðu landi. Þá telur stofnunin að æskilegt væri að fjarlægja þá búta af núverandi vegi sem verði utan fyrirhugaðs vegar. Framkvæmdaraðili ítrekar að slíkt verði gert líkt og fram komi í tilkynningu hans.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram það álit að ekki séu miklar líkur á að fornleifar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Aftur á móti telji stofnunin nauðsynlegt að gera úttekt á svæðinu með tilliti til fornleifa. Framkvæmdaraðili svarar því til að haft hafi verið samband við minjavörð á Vesturlandi, sem muni fara um svæðið strax og snjóa leysi. Skilyrðum Fornleifaverndar verði fylgt í samræmi við Þjóðminjalög, finnist fornminjar á svæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu Snæfellsnesvegar yfir Fróðárheiði á um 4,5 km kafla. Vegurinn liggur að svæði 223 á Náttúruminjaskrá og því er framkvæmdin tilkynningaskyld samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka laga laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á landform í næsta nágrenni vegarins og hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þau áhrif ættu að minnka þegar Vegagerðin hefur gengið frá vegsvæði og efnistöðustöðum þannig að falli vel að landslagi og undirstrikar Skipulagsstofnun mikilvægi viðeigandi frágangs framkvæmdasvæðisins.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Fornleifaverndar ríkisins og undirstrikar að ekki verði ráðist í framkvæmdir fyrr en úttekt hafi verið gerð á svæðinu m.t.t. fornminja. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði óveruleg að því tilskyldu að farið verði eftir ábendingum Fornleifaverndar ríkisins.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fugla verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging Snæfellsnesvegjar um Fróðárheiði, frá Egilsskarði að sæluhúsi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. mars 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson